

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Frá l. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, BÁ, GunnB, DJ).

1. Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „áminningu skv. 21. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: skriflega áminningu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
44. gr. laganna orðast svo:
Hafi starfsmaður brotið starfsskyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða þeim fyrir-mælum sem um starf hans gilda skal gefa honum kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi nema slíkt sé augljóslega óþarft.
Nú er til skoðunar hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar, sbr. 1. mgr., og getur forstöðumaður þá leyst hann undan vinnuskyldu sinni þar til hann hefur tekið endanlega ákvörðun um uppsögn hans.
3. Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: 44. gr.